



Gaukur Hjartarson áhugaljósmyndari fékk heimild Umhverfisstofnunar til að mynda fálka við hreiður í sumar. Óheimilt er að mynda fálka á hreiðrum sínum nema með sérstöku leyfi. Í vikunni fór Gaukur í leiðangur og náði fágætum myndum af kvöldverði fálkafjölskyldu. Fuglunum til verndar vill hann ekki gefa upp hver heimkynni þeirra eru. MYND/GAUKUR HJARTARSON

Réttargæslumaður brotapolá á vitnalista meints nauðgara

Lögmaður, sem gætti hagsmuna fjölda kvenna sem kærðu svokallaðan meðhöndlara fyrir kynferðisbrot, verður á vitnalista ákærða í málinu. Hún uppfyllir því ekki skilyrði til að vera réttargæslumaður brotapolá. Skipun sambýlismanns hennar í stöðu réttargæslumanns var sömuleiðis afturkölluð með úrskurði.

DÓMSMÁL Lögmaður, sem gætti hagsmuna kvenna sem kærðu svokallaðan meðhöndlara til lögreglu fyrir kynferðisbrot, fær ekki skipun sem réttargæslumaður þeirra fyrir dómi, þar sem ákærði hyggst leiða hana fram sem vitni í málinu. Úrskurðað var um málið í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Eins og Fréttablaðið greindi frá leituðu nokkrar konur til Sigrúnar Jóhannsdóttur vegna meintra kynferðisbrota ákærða og fjölgaði þeim eftir að fjölmiðlar hófu að fjalla um málið. Sigrún var réttargæslumaður



Það má segja að aftakan á skjólstaðingi mínum hafi þegar farið fram.

Steinbergur Finnbogason, lögmaður

kvennanna á meðan málið var í rannsókn hjá lögreglu.

Maðurinn hefur nú verið ákærður fyrir að nauðga fjórum konum, en við þingfestingu málsins mun ágreiningur hafa risið um skip-

un Sigrúnar sem réttargæslumanns.

„Ég get ekki tjáð mig um hvað fram fer í dómsalnum, þar sem þetta er lokað þinghald,“ segir Steinbergur Finnbogason, verjandi ákærða. Aðspurður segir Steinbergur þó að lögfræðilegur tilbúningur málsins eigi sér aðdraganda sem standist tæpast skoðun og hann hyggist draga það fram í vitnaleiðslum.

Hann segir visbendingar um að lögmaðurinn hafi sjálfur staðið að baki auglýsingar eftir skjólstaðingum í fyrirhugaða hópmálsókn gegn ákærða, undir dulnefni, á

samfélagsmiðlum. „Aftakan á skjólstaðingi mínum hefur þegar farið fram, enda fjölmiðlar ítrekað upplýstir um árangur af þessari smölu á meintum fórnarlömbum hans.“

Ekki náðist í Sigrúnu við vinnslu fréttarinnar, en vegna úrskurðarins um vitnaskylduna er ljóst að hún uppfyllir ekki lengur skilyrði til að vera réttargæslumaður í málinu.

Þá var skipun annars réttargæslumanns í málinu einnig afturkölluð með úrskurði dómara í gær, eftir að í ljós kom að um sambýlismann Sigrúnar er að ræða. – að

Óljóst hvort slys varð vistmanni að aldurtila

HEILBRIGÐISMÁL „Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að ekki er ljóst hvort íbúinn hafi látist af völdum áverka, eða undirliggjandi sjúkdóma,“ segir Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis, um mál manns sem lést eftir að skápur féll yfir hann á hjúkrunarheimili.



Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis

Um miðjan janúar á þessu ári varð sjúklingur á tíræðisaldri á hjúkrunarheimili á Hvolsvelli fyrir því að fataskápur féll á hann, er hann var einn í herbergi sínu. Skápurinn var ekki naglfastur og var þar að auki á hjólum. Maðurinn lést innan við sólarhring eftir slysið. – bp / sjá síðu 6



OSTA
PYLSUR

hafðu þær með á grillið í sumar






fremst fyrir bragðið
Síðan 1907



BESTA MATARPYLSAN
METARAFÉLAG KJÖTIDNADARNA
- STOFNAD 1990 -
ARIÐ 2020

Veður



Norðvestan 5-10 í dag og bjart að mestu S- og V-lands og svipaður hiti, en 8-13 og dálítill rigning á Norður- og Austurlandi með hita 7 til 12 stig. **SJÁ SÍÐU 20**

Þingmaður þarf að greiða af láni

DÓMSMÁL Anna Kolbrún Árnadóttir, þingmaður Miðflokksins, þarf að greiða danska innheimtufyrirtækinu Lowell Danmark A/S um 65.000 danskar krónur af skuld sinni við fyrirtækið. Dómur þess efnis féll í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Fjárhæðin er um 10 prósent af heildarskuld Önnu Kolbrúnar við fyrirtækið.

Málið snerist um greiðslur af húsnæðisláni sem Anna Kolbrún tók ytra í kringum aldamótin frá Fionia Bank. Þingmaðurinn, sem síðar seldi eignina, gerði sátt við bankann árið 2006, um að hún myndi greiða ákveðna fjárhæð af láninu mánaðarlega. Þegar tiltekin upphæð hefði verið greidd þá yrðu eftirstöðvarnar felldar niður.



Anna Kolbrún Árnadóttir

Málið flæktist þegar Fionia Bank fór í þrot á hrunárunum. Að endingu eignaðist innheimtufyrirtækið Lowell kröfuna á hendur Önnu Kolbrúnu.

Málsvörn þingmannsins fólst í stuttu máli í því að erfitt hafi verið að koma greiðslum til skila í Danmörku á meðan rekstur Fionia Bank var í uppnámi. Anna Kolbrún greiddi afláninu fram til ársins 2009 og óreglulega fram til ársins 2014.

Þegar Lowell Danmark A/S eignaðist síðan kröfuna, hafi innheimtufyrirtækið krafist þess að öll upphæðin yrði greidd, vegna meintra vanefnda á áðurnefndu samkomulagi. Sáttaviðræður báru ekki árangur og því fór málið fyrir dóm.

Katrín Smári Ólafsdóttir, lögmaður Lowell Danmark A/S, segir niðurstöðu málsins hafa komið umbjóðanda sínum á óvart. „Ég tel allar líkur á því að málinu verði áfryjað til Landsréttar,“ sagði Katrín Smári. – **bb**

Rækta sjálf sig



Þessir drengir voru meðal fjölda gesta sem kíktu í Hljómskálagarðinn og tengdust sinni innri plöntu þegar Mannyrkjastöð borgarinnar var opnuð við hátíðlega athöfn í gær. Stöðin aðstoðar borgarbúa við að tengjast sinni innri plöntu og vaxa og dafna. Þar er einnig hægt að festa rætur, vökva hvirfilinn, sóla sig og stunda umpottun. Hugvit, tilfinningar, orka og vöxtur eru í forgrunni í stöðinni sem verður opin í sumar. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Flugfreyjur hafna samningi

KJARAMÁL Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair segir það hafa komið á óvart að afgerandi meirihluti félagsmanna Flugfreyjufélags Íslands felldi nýja kjarasamninginn. Félagsmenn FFÍ felldu samninginn með 72,56 prósentum atkvæða. „Við erum að meta stöðuna eins og er, en við ætlum að koma félaginu í gegnum þetta,“ segir Bogi sem kveður Icelandair ekki geta gefið meira eftir.



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair

„Við förum inn í þessar viðræður til að tryggja samkeppnishæfni félagsins til framtíðar, en á sama tíma standa vörð um ráðstöfunartekjur flugfreyja og flugþjóna,“ segir forstjóri Icelandair. – **uð**

Blása til götuhátíðar til styrktar Ljósínu

Jafningjafræðarar Hins hússins halda götuhátíð í dag til styrktar Ljósínu, en málefnið á sérstakan stað í lífi eins skipuleggjanda hátíðarinnar. Fram koma hinir ýmsu listamenn og meðal annars verður boðið upp á lifandi bókasafn.

SAMFÉLAG „Þetta er hátíð sem við í Jafningjafræðslunni höfum planað alveg sjálf og við erum að gera þetta til styrktar góðu málefni,“ segir Katla Njálisdóttir, jafningjafræðari hjá Hinu húsinu, en í dag slær Jafningjafræðslan upp götuhátíð þar sem safnað verður fjármunum til styrktar Ljósínu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess.

Hátíðin verður haldin í Hinu húsinu á Rafstöðvarvegi 7 í Elliðaárdalnum milli klukkan 15.30 og 18 í dag og fram koma hinir ýmsu listamenn. „Allir sem koma fram á hátíðinni gefa vinnu sína og meðal þeirra sem koma fram eru Jói P & Króli og Svala Björgvins,“ segir Katla.

„Við höfðum samband við listamennina í síma og á Instagram og langflestir tóku ótrúlega vel í þetta, það er eiginlega alveg magnað að allt þetta fólk sé til í að gera þetta fyrir okkur,“ bætir hún við. Á hátíðinni verður einnig happdrætti með frábærum vinningum og seldar verða pítsur, vöfflur og kleinuhringir. Allur ágóðinn af söluinni rennur beint til Ljóssins.

Aðspurð að því hvers vegna Ljósíð varð fyrir valinu, segir Katla að hugmyndin hafi verið hennar. „Þegar við byrjum í Jafningjafræðslunni förum við á þriggja vikna námskeið þar sem við lærum um ýmsa hluti sem eru í gangi í samfélaginu, eins og Black Lives Matter, baráttu hinsegin fólks og feminisma og svo nýttum við líka tímann til þess að kynna hvert öðru,“ útskýrir Katla.

„Það gerðum við með því að opna okkur fyrir hverju öðru og þá sagði ég krökkunum að ég hefði misst



Í Jafningjafræðslu Hins hússins eru sextán ungmenni 16-19 ára. **MYND/ABSEND**

Þá sagði ég krökkunum að ég hefði misst þessa minn úr krabbameini þegar ég var litil og sagði þeim frá Ljósínu

Katla Njálisdóttir, jafningjafræðari



þessa minn úr krabbameini þegar ég var litil og sagði þeim frá Ljósínu. Svo vorum við bara öll sammála um að það væri málefnið sem við vildum styrkja,“ heldur hún áfram. Jafningjafræðslan er hópur á vegum Hins hússins sem samanstendur af ungu fólki á aldrinum 16-19 ára. Starf hópsins felst í því að

fræða ungmenni sem starfa í vinnuskólanum um ýmis samfélagsmál og efla gagnrýna hugsun. Katla segir starfið einkar skemmtilegt og að hún sjálf hafi lært mikið.

„Þetta er eitthvað annað skemmtilegt. Að fá borgað fyrir það að vera í leikjum og tala er frábært, ég viðurkenni að ég hef mjög gaman af því að tala og segja frá mínum sköndum svo þetta hentar mér mjög vel,“ segir Katla og hvetur þá sem hafi gaman að því að tala eins og hún, að mæta á lifandi bókasafn sem er einn viðburður hátíðarinnar.

„Það verða hérna þekktir Íslendingar með það eitt að markmiði að tala við gesti. Þau koma úr ólíkum áttum og sitja hér við borð, svo getur hver sem er sest hjá þeim og spjallað. Þetta verða til dæmis Patrekur Jamie og Hildur Yeoman.“ **birnadrofn@frettabladid.is**

Útíflísa dagar

25% AFSLÁTTUR

ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO

ARMANI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

CORNELIANI

LES DEUX
copenhagen

OSCAR
JACOBSON

Bruun & Stengade

Benvenuto.

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD



Herra
Lagerinn
outlet

Troðfull verzlun af
merkjavöru!

Hreinsun!

70%

**afsláttur af
öllum vörum**



Húsið sem brann á Bræðraborgarstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kennsl borin á þau sem létust

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á bruna á Bræðraborgarstíg miðar vel og hafa kennsl einstaklinganna þriggja sem létust í brunanum verið staðfest af kennslanefnd Ríkislög-reglustjóra.

Þau sem létust voru öll pólskir ríkisborgarar sem störfuðu hér á landi. Að ósk aðstandenda verða nöfn þeirra ekki gefin upp.

Tvö þeirra sem létust voru par, samkvæmt heimildum Fréttablaðs-ins.

Einn þeirra sem slasaðist í brunanum er enn á gjörgæslu. Lögregla getur ekki tjáð sig frekar um framvindu rannsóknarinnar að svo stöddu. – uð

Leigusamningar fleiri en í fyrra

HAGSTOFAN Heildarfjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði í landinu jókst um tæplega sjö prósent á milli mánaða. Voru þeir 901 í júní á þessu ári, en 843 í maí.

Þá fjölgaði þinglýstum leigusamningum um rúm 60 prósent í júní, sé miðað við sama mánuð á síðasta ári. Þetta kemur fram vef þjóðskrár Íslands.

Langflestir þinglýstir leigusamningar um íbúðarhúsnæði í júní á þessu ári voru á höfuðborgarsvæðinu, eða rúmlega 600 talsins. Næstur var fjöldinn á Suðurnesjum, 123 samningar. Fæstir voru þeir á Vestfjörðum, einungis sex.

Fjöldurinn var á þinglýstum leigusamningum í öllum landshlutum í júní nema á Vestur- og Austurlandi, fjöldi slíkra samninga stóð í stað milli mánaða á Vestfjörðum. Á Vesturlandi fækkaði þinglýstum leigusamningum um tæp 46 prósent milli mánaða og á Austurlandi um rúm sjö prósent. – bđj

FRÉTTABLAÐIÐ

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Hefja skimun 750 farþega 24 sjómílu frá landi

AUSTURLAND Norræna kemur í höfn á Seyðisfirði í dag með um 750 farþega. Tíu manna sýnatökuteymi starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Austurlands auk tæknimanna kom um borð í Færeyjum og skimar farþega úti á sjó.

Samkvæmt tilkynningu Aðgerðastjórnar Austurlands hefst skimun tuttugu og fjórum sjómílum undan strönd landsins og standa vonir til að henni verði lokið áður en til



Í dag koma 750 manns til landsins með Norrænu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLI KR.

hafnar kemur. Taka þarf sýni úr rétt um fimm hundruð farþegum, nokkuð fleirum en í síðustu ferð. Þeir sem dvalið hafa í Færeyjum, á Grænlandi eða Íslandi síðustu fjórtán daga, eða eru fæddir árið 2005 eða síðar þurfa ekki í sýnatöku.

Aðgerðastjórn á Austurlandi áréttar að farþegar fá allir ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig beri að haga sér þegar í land er komið og þá sér í lagi áður en niðurstöður

sýnatöku liggja fyrir, að jafnaði innan við sólarhring eftir komu. Mælt er til að þeir fari varlega, haldi kyrru fyrir á heimili eða áfangastað, haldi hæfilegri fjarlægð frá öðru fólki, forðist snertingu eins og faðmlög og handabönd auk þess sem hvatt er til reglulegs handþvottar. Ekki eru gerðar athugasemdir við að þeir fari til að mynda í verslanir og kaupni nauðsynjar. – bb

Tefji ekki hjól atvinnulífsins með malbikun á háannatíma

Samtök iðnaðarins segja að jafnvel þótt dýrara kunni að vera að malbika götur á kvöldin og nóttunni heldur en á daginn, sé líklegt að af því yrði samfélagslegur ábati því þá slyppi bæði almenningur og atvinnulíf við mikið óhagræði. Samtökin skora á sveitarfélög og framkvæmdaaðila að huga að þessu.

UMFERÐ Samtök iðnaðarins hafa sent sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu bréf og skorað á þau að taka til skoðunar að gatnagerð á þeirra vegum fari fram utan álagstíma á daginn.

„Eins og verklag umræddra framkvæmda hefur verið í sumar þá hefur fræsun og malbikun að meginstefnu verið framkvæmd á dagvinnutíma á virkum dögum með tilheyrandi umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu,“ segir í bréfi Samtaka iðnaðarins (SI). Aðildarfyrirtæki samtakanna hafi vakið athygli þeirra á því óhagræði sem þær tafir hafa haft á starfsemi fyrirtækja. „Sér í lagi fyrirtæki sem grundvalla starfsemi sína á að koma til skila vörum eða sækja vörur, s.s. afhending á aðföngum eða sorphirða svo dæmi séu tekin.“

Þá segir að framkvæmdaaðilum megi vera ljóst að verulegar umferðartafir séu vegna framkvæmda yfir daginn, sérstaklega á umferðarþungum götum á höfuðborgarsvæðinu. „Ljóst er að þetta felur bæði í sér óhagræði fyrir bæði atvinnulíf og almenning, svo ekki sé talað um umhverfisáhrif, svo sem losun gróðurhúsalofttegunda, þegar bílar eru langtímum saman í umferðarteppu.“

Til viðbótar þessu segir í bréfi SI að samtökunum hafi borist ábendingar um að víða sé merkingum og viðvörðunum um framkvæmdir, hjáleiðir og öðrum upplýsingum áfátt. „Samtökin telja verulega mikilvægt að upplýsingaflæði, aðvaranir og leiðbeiningar séu með skýrum hætti og aðgengilegar, til að varna



Frá malbikunarframkvæmdum sem fram fóru á Vesturvör í Kópavogi fyrr í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í sumar hefur fræsun og malbikun að meginstefnu verið framkvæmd á dagvinnutíma á virkum dögum með tilheyrandi umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu.

Samtök iðnaðarins

álagi kringum framkvæmdasvæði og liðka fyrir umferð,“ segir í bréfi SI.

„Í ljósi þessa skora Samtök iðnaðarins á sveitarfélög að taka til skoðunar að þessar framkvæmdir á þeirra vegum fari fram utan álagstíma á daginn, svo sem kvöldin og nóttunni, og þá sér í lagi þessa björtustu daga ársins eins og áður var gert og víða eru dæmi erlendis frá,“ leggja samtökin til. „Má gefa sér að þrátt fyrir að slíkar breytingar

kunni að fela í sér aukinn kostnað þá er líklegt að samfélagslegur ábati verði því mun meiri.“

Að endingu er skorað á framkvæmdaaðila að huga að þessum atriðum við fræslingu og malbikun með það að leiðarljósi að lágmarka áhrif þeirra framkvæmda á bæði almenning og atvinnulíf.

Hvorki náðist í borgarstjórnari Reykjavíkur né bæjarstjórnara í Kópavogi og Hafnarfirði við vinnslu þessarar fréttar. gar@frettabladid.is



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.302.000 KR.
ÁN VSK. 9.405.480 KR. M/VSK.

EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFHENDINGAR STRAX

BJÓÐUM UPP Á 35" - 40" BREYTINGARPAKKA FRÁ ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MEÐ 35" BREYTINGU

FRÁ FRAMLEIDENDUM SÍDUSTU VEIDIFERDARINNAR
MYND EFTIR GUNNAR BJÖRN GUÐMUNDSSON

EDDA BJÖRGVINS • LADDI • STEINDI JR.

Ammma Hófí



SVEPPI • PÉTUR JÓHANN • ANNA SVAVA KNÚTSDÓTTIR • VÍKINGUR KRISTJÁNSSON • GÍSLI ÖRN GARDARSSON
GRÍMA KRISTJÁNSDÓTTIR • ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON • GÍSLI RÚNAR • STEINN ÁRMANN

FRUMSÝND Á MORGUN

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

MARKELL
PRODUCTIONS

MYNDFORM

ÁTDRÖGVA 00
VITJÓKNARÁKADÉMIAN

RÚV

Ekki skorið úr um banamein öldungs

Sjúklingur á tíræðisaldri lést á hjúkrunarheimili á Hvolsvelli í kjölfar þess að fataskápur féll á hann. Niðurstaða rannsóknar sem Landlæknir gerði er sú að ekki sé hægt að fullyrða um hvort að slysið eða undirliggjandi sjúkdómar hafi ollið dauða mannsins.

HEILBRIGÐISMÁL Niðurstaða rannsóknar Embættis landlæknis á voveiflegu slysi á hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra á Hvolsvelli, er sú að ekki sé hægt að segja með vissu hvort íbúinn hafi látist af völdum áverka í kjölfar slyssins, eða annarra undirliggjandi þátta.

Slysið átti sér stað um miðjan janúar á þessu ári. Þá varð sjúklingur á tíræðisaldri, sem búsettur var á heimilinu, fyrir því að fataskápur féll á viðkomandi, þegar hann var einsamall inni í herbergi sínu. Talið er að maðurinn hafi reynt að stöðja sig við skápinn þegar hann var að rísa á fætur, með þessum hörmulegu afleiðingum.

Fataskápurinn var ekki naglfastur og var þar að auki á hjólum, sem gerði það að verkum að hann var afar valtur. Þegar starfsfólk á vakt þennan umrædda dag kom aðvifandi, í kjölfar hávaða frá herbergi sjúklingsins, lá maðurinn slasaður undir skápnum. Innan við sólarhring síðar lést hinn slasaði og var málið þegar tilkynnt til Embættis landlæknis, eins og skylt er samkvæmt lögum þegar alvarleg atvik sem valdið hafa, eða geta valdið, sjúklingum alvarlegu tjóni. Fréttablaðið greindi frá því í byrjun febrúar að rannsókn málsins væri hafin.

Niðurstaða rannsóknar landlæknisembættisins er sú, að ekki er tekin afstaða til þess hvert banamein mannsins var.



Innan við sólarhring eftir að sjúklingur á tíræðisaldri á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lindarhvoli fékk yfir sig skáp, var hann andaður.

„Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að ekki er ljóst hvort íbúinn hafi látist af völdum áverka, eða undirliggjandi sjúkdóma,“ segir Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis.

Hann segir að dreginn verði lærdómur af hinu voveiflega slysi. „Með hliðsjón af atvikinu fyrirhugar embættið að benda öðrum hjúkrunar-

Með hliðsjón af atvikinu fyrirhugar embættið að benda öðrum hjúkrunarheimilum á að gera ráðstafanir svo sambærilegt atvik eigi sér ekki aftur stað.“

heimilum á að gera ráðstafanir svo sambærilegt atvik eigi sér ekki aftur stað,“ segir Kjartan Hreinn.

Sólveig Unnur Eysteinsdóttir, deildarstjóri á Kirkjuhvoli og staðgengill hjúkrunarforstjóra, segir að þegar hafi verið gripið til aðgerða á hjúkrunarheimilinu í kjölfar slyssins. Öll húsgögn hafi verið fest kyrfilega og öryggi tryggt. Aðspurð

hvort krafa um skaðabætur frá aðstandendum sjúklingsins hafi borist, sagði Sólveig: „Ekki svo mér sé kunnugt um.“

Rangárþing eystra sér um rekstur Kirkjuhvols, en hann hófst þann 1. mars 1985. Heimilismenn á Kirkjuhvoli eru yfirleitt um 30 talsins. Hjúkrunarrými eru 28 og dvalarými tvö. bjornth@frettabladid.is

Ísland býður landsmönnum á stefnumót

FERÐALÖG Stefnumót við náttúruna er yfirskrift hvatningaráttaks sem miðar að því að hvetja landsmenn til að heimsækja friðlýst svæði á Íslandi í sumar. Að átakinu stendur umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarð og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Stjórnarráðsins.

Í sumar hafa landsmenn einstakt tækifæri til að ferðast um landið sitt.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

Fram kemur að tæplega 120 friðlýst svæði séu hér á landi, þar sem njóta megi ólíkra hliða íslenskrar náttúru, allt frá viðkvæmum gróðri og skordýrum til stórbrotinna fjalla og landslags. Á mörgum svæðanna veita landverðir fræðslu og upplýsingar.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Í sumar hafa landsmenn einstakt tækifæri til að ferðast um landið sitt og njóta þess besta sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða,“ er haft eftir Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, í tilkynningu.

„Það er hvergi betra tækifæri til að gera akkúrat það en á friðlýstu svæðunum okkar. Þar höfum við lagt mikla áherslu á uppbyggingu innviða á undanförunum árum, sem auðvelda aðgengi almennings að þessum náttúruperlum.“ – jþ

Mismunandi áhrif faraldursins á heilbrigðiskerfið

HEILBRIGÐISMÁL Samskipti voru höfð við heilsugæslu 18 prósentum oftar á tímabilinu þegar COVID-19 faraldurinn gekk yfir, frá lokum febrúar í samanburði við sama tímabil árið 2019.

Mikil aukning varð í símtölum og rafrænum samskiptum, en fjöldi viðtala dróst saman á samanburðartímabilinu. Á sama tíma fækkaði útskriftum af sjúkrahúsum að meðaltali um 11 prósent og komum á dag- og göngudeildir fækkaði að meðaltali um 30 prósent. Þetta kemur fram í nýjum Talnabrunni, fréttabréfi Embættis landlæknis um heilbrigðisupplýsingar.

Jafnframt segir að samskipti við sjálfstætt starfandi sérfræðinga hafi minnkað um fjórðung frá fyrra ári.

Þá segir að erlendis hafi það vakið athygli að innlögnum vegna

» Skoðun á tilteknum lyfjaflokkum leiddi í ljós að fleiri einstaklingar leystu út lyf á fyrstu vikum faraldursins.

tiltekinna sjúkdóma hafi fækkað á tímum COVID-19. Þetta eigi til dæmis við um innlagnir vegna hjartaáfalla og heilablóðfalla. Ekki virðast áberandi merki um slíka fækkun á Íslandi. Fyrirvari er þó gerður við þessar tölur vegna þess að þær eru lágur og sveiflur milli ára geta verið miklar.

Skoðun á tilteknum lyfjaflokkum leiddi í ljós að fleiri einstaklingar leystu út lyf á fyrstu vikum faraldursins þó svo að samdráttur hafi

orðið í sumum lyfjaflokkum. Þetta á eingöngu við um fyrstu þrjár til fjórar vikur faraldursins, en fjöldi útleystra lyfjaávisana færðist fljótt aftur í sama horf. Mikill samdráttur varð þó á útleystum sýklalyfjaávisunum í mars og apríl, einkum vegna barna undir fjögurra ára aldri.

Fram kemur í fréttabréfinu að fljótt á litid virðist engar markverðar breytingar hafa orðið varðandi innlagnir vegna hjartaáfalla, heilablóðfalla og botnlangabólgu miðað við árin á undan. Mikill munur sé sé hins vegar á fjölda tiltekinna skurðaðgerða miðað við sama tímabil í fyrra og skýrist væntanlega af fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda að ekki skuli framkvæma valkvæðar skurðaðgerðir á tímabilinu 23. mars til og með 3. maí. Fréttabréfið má nálgast á vef landlæknis. – jþ

KRONAN

SEM OPNAR NÝJAR VÍDDIR!

Logandi létt trix ...

TÖFRABRAGÐ

WASABI

GEGGJAD Í TACO

Fáðu töfra innblástur á kronan.is/töfrar

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Við gætum talað um þennan nýja, 100% rafmagns Opel Corsa-e í fleiri tíma ...

Það er hægt að tala um framtíðina endalaust en efst á baugi hjá mörgum er rafmagnsvæðing bílaflotans. Við hjá Opel erum að setja á markað nokkra nýja rafmagnaða bíla þannig að við höfum mikið að ræða. Vissir þú til dæmis að ný Opel Corsa fæst sem rafmagnsbíll? Byrjum þar. Ný Opel Corsa-e er með drægi sem nemur allt að 330 km á einni hleðslu sem dugar hæglega fyrir alla daglega notkun og rúmlega það. Þó er einnig hægt að hlaða rafgeyminn í 80% hleðslu á aðeins 30 mínútum². Corsa hentar fullkomlega fyrir daglega notkun en það er líka auðvelt að ferðast lengri vegalengdir þökk sé frábærum sætum og góðum aksturseiginleikum enda er hún þýsk og kröfunar eftir því. Rafmagns Corsa fer úr 0 í 50 km/klst. á aðeins 2,8 sekúndum en samt kostar það ekki botninn úr skónum að reka hana. Bensín reikningurinn hverfur og þar sem færri hlutir þarfnast viðhalds en í bifreið með sprengihreyfil, hagnast Corsa-e eigendur líka á lægri viðhalds- og rekstarkostnaði³. Stöðumælasektir heyra síðan sögunni til, því að ökumenn rafbíla fá frítt í stæði í Reykjavík⁴. En þetta stoppar ekki bara bara við akstureiginleika og lágan rekstarkostnað því að lífið er ekki bara Excel töflureiknir. Með fallegu útliti og vangasvip sem vekur athygli ramma Corsa-e sig inn sem klassísk þýsk hönnun á hraðferð inni framtíðina. Útlitið er kórónað með Intellilux LED @ Matrix aðalljósum⁵, sem gefa bílnum mjög áberandi yfirbragð og stilla sig eftir umferðinni og umhverfinu með því að skera umferð á móti úr ljósgeislanum. Í bílnum er einnig búnaður sem maður finnur oftast einungis í dýrari tegundum bifreiða. Til dæmis er skriðstillir^{5,6,7} og akgreinavari^{5,7,8} sem gera akstur á vegum úti öruggari. Hljómflutnings- og leiðsögukerfi í frábærum gæðum, með 10" snertiskjá⁵, 7" stafrænt mælaborð⁵ og 3D leiðsöguskjá sem sýnir umferðarupplýsingar í rauntíma og er með innbyggðu kort fyrir alla Evrópu (með OpelConnect⁹). Það er auðvelt að leggja Opel Corsa-e eins og atvinnumaður með bílastæða aðstoð^{5,7}, sem þekkir bílastæði og getur lagt sjálfvirk í þau, en einnig tryggir 180° bakkmyndavél⁵ góða yfirsýn yfir veginn og aðstæður. Að lokum er svo auðvitað líka úrval sjálfvirkis öryggisbúnaðar sem passar uppá það sem er mikilvægast! Ef þér líkar við rafbíla muntu elska Corsa-e. Meiri upplýsingar - <https://nyir.opel.is/corsa-e/>. Ertu ennþá að lesa? --- Fyrir svona áhugasama er hérna alveg hellingur af tölum og upplýsingum (með kveðju frá lögfræðideildinni okkar) -: ¹Rafmagnsnotkun Opel Corsa-e xx kWh/100 km; CO2 útblástur 0g/km; drægi allt að 330 km (WLTP). Upplýsingarnar hafa verið fengnar með prófun WLTP samkvæmt aðferð (R (EC) No. 715/2007 og R (EU) No. 2017/1151). Dagleg notkun getur verið önnur og skýrist af ýmsum atriðum. Þar má nefna: Aksturs stíl ökumanns, hvernig leiðin sem ekin er liggur, umhverfishita, hvort miðstöð sé í gangi eða bifreiðin hafi verið geymd í hita. Meiri upplýsingar er að finna á <https://nyir.opel.is/corsa-e/>. ²Útreikningar eru byggðir á 330km WLTP forsendum. DC hraðhleðslutæki (100 kW). Tóm rafhlaða. Hleðslutími getur verið breytilegur eftir tegund og afli hleðslustöðvarinnar, hitastigi sem hleðslustöðin er í og hita rafhlöðunnar. ³Fer eftir lögum viðkomandi lands, er byggt á takmörkuðum tíma og tegund bifreiðar. ⁴Byggist á lögum viðkomandi lands og tegund ökutækis. ⁵Ekki staðalbúnaður. ⁶Búnaður virkjast á milli 30-180 km. hraða. ⁷Búnaðurinn er hannaður til að styðja við aksturslag ökumanna innan ramma umferðareglna. Ökumaður er ávallt ábyrgur fyrir akstri bifreiðarinnar. ⁸Hendur verða ávallt að vera á stýri þegar búnaðurinn er notaður. ⁹Opel Connect þjónustan er mismunandi á milli landa og sumir möguleikar eru ennþá í þróun fyrir íslenska markaðssvæðið. Þjónustan getur krafist áskriftar og/eda þjónustugjalds og takmarkast við símkerfa net sem eru í boði.




**BEST
BUY CAR
OF EUROPE**

AUTOBEST.ORG



... en það er ennþá
skemmtilegra að keyr'ann.
NÝ OPEL CORSA-e
FRUMSÝND Á LAUGARDAG



OPEL GOES ELECTRIC

benni.is

Reykjavík
Krókhálsi 9
590 2000

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opíð virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

Bilabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

ÚTSALAN ER Í
FULLUM GANGI
10-60%
AFSLÁTTUR

★ ★ ★

Lin
DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Sjónmælingar
eru okkar fag

Tímamantani á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK



Álverð hefur lækkað um riflega 11% það sem af er ári, sem hefur neikvæð áhrif á raforkusamninga HS Orku og ON.

Veikari krónan vegur upp lækkandi álverð

Lækkandi álverð það sem af er ári mun hafa áhrif á tekjur HS Orku og ON Power, sem samanlagt selja Norðuráli um tvo þriðju alls rafmagns til álversins á Grundartanga. Enginn afsláttur er veittur hjá Landsvirkjun til smásala.

Þórður
Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Lækkandi álverð mun hafa neikvæð áhrif á tekjumyndun HS Orku og ON Power á þessu ári, en veiking krónunnar vinnur á móti þeirri þróun að einhverju leyti. ON Power, dótturfélag Orku náttúrunnar, hefur keypt áhættuvarnir gegn lækkandi álverði, sem mildar höggð upp að vissu marki.

Bæði ON Power og HS Orka eru með orkusölusamninga við Norðurál á Grundartanga, sem tengdir eru verðþróun áls. Lengi vel var Landsvirkjun með sambærilega samninga, en fyrirtækið hefur á síðustu árum horfið frá því og tengt orkuverð til stórnotenda við neysluverðsvisitölu í Bandaríkjunum, eða Nord Pool-raforkumarkaðinn í Evrópu.

Fastverðssamningar tengdir við verðlag í Bandaríkjunum, hafa eðli máls samkvæmt haldist nokkuð stöðugir að undanfögnu, þó Landsvirkjun hafi að vísu veitt riflegan afslátt til stórnotenda að undanfögnu, til að bregðast við erfiðum markaðsaðstæðum.

Nord Pool-raforkuverð hefur hins vegar hrúnið að undanfögnu, vegna minnkandi eftirspurnar rafmagns á meginlandinu og mikillar vætutíðar í Skandinavíu, þar sem nokkur fjöldi vatnsaflsvirkjana er starfræktur. HS Orka og ON Power eru því að fá nokkuð meira fyrir sinn snúð frá stórnotendum um þessar mundir, samanborið við Landsvirkjun.

Álverð niður frá áramótum

Samkvæmt gögnum frá London Metal Exchange stóð álverð í tæplega 1600 Bandaríkjadöllum á tonn-
ið um miðbik þessarar viku, samanborið við 1800 dali undir lok síðasta árs. Er því um að ræða lækkun upp á riflega 11 prósent.

Í ársreikningi HS Orku fyrir árið 2019 er að finna næmnigreiningu er snýr að þróun álverðs. Þar segir að 10 prósent lækkun álverðs myndi hafa neikvæð áhrif upp á 930 millj-

Enginn afsláttur til smásala

Enginn afsláttur hefur verið veittur á raforku sem Landsvirkjun selur til íslensku orkusmásalanna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Um 15-20 prósent af þeirri orku sem Landsvirkjun selur fer til smásala, sem selja svo orku áfram til heimila og annarra smærri notenda. Alls eru sjö fyrirtæki sem sinna smásölu raforku á Íslandi: HS Orka, Orka náttúrunnar, Orkusalan, Fallorka, Orkubú Vestfjarða, Rafveita Reyðarfjarða, Íslensk orku-
miðlun og Orka heimilanna. Að tveimur síðastnefndu slepptum eru allir smásalar raforku á Ís-

landi með eigin framleiðslu, en kaupa breytilega orku af Landsvirkjun þegar þeirra eigin framleiðsla annar ekki eftirspurn.

Heildsöluverð Landsvirkjunar til smásala er breytilegt yfir árið, en nemur á bilinu 4,5-6 krónum á kílóvattstund, samkvæmt verðlista frá 2019, sem jafngildir um 32-43 Bandaríkjadöllum á megavattstund. Sökum lækkunar krónunnar gagnvart Bandaríkjadala hafa tekjur Landsvirkjunar vegna heildsölu til smásala engu að síður lækkað í uppgjörsmýnt Landsvirkjunar, þar sem sú orka er seld í krónum.

Álverð er í lægstu lægðum núna, meðal annars vegna mikillar framleiðslu í Kína [...] Álstaflar standa víða um heim á kaja og hreyfast ekki, það setur þrýsting á verð.

Jóhann S. Sigurbergsson, forstöðumaður viðskiptaþróunar HS Orku

ónir króna á hagnað fyrirtækisins eftir skatta, en hagnaður ársins 2019 nam 9,6 milljörðum.

Þó verður að hafa í huga að á árinu 2019 seldi HS Orka þriðjungshlut sinn í Bláa Lóninu fyrir um 15 milljarða króna. Rekstrartap síðasta árs fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir var um 1,3 milljarðar króna. Einskiptiskostnaður vegna virðisrýrnunar lífeyriseigna upp á 906 milljónir króna var þó tekinn í gegnum rekstrarreikning á síðasta ári, en þar er einnig um einskiptiskostnað að ræða.

Lækkun álverðs sem er mælt í Bandaríkjadöllum, er að einhverju leyti vegna styrkingar Bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Þar að auki hefur krónan veikt á þessu ári gagnvart öðrum gjaldmiðlum, sem mildar höggð á rekstur HS Orku vegna lækkandi álverðs,

segir Jóhann Snorri Sigurbergsson, forstöðumaður viðskiptaþróunar HS Orku.

„Álverð er í lægstu lægðum núna, meðal annars vegna mikillar framleiðslu í Kína. Síðan hefur orðið mikill, tímabundinn samdráttur eftirspurnar vegna stöðvunar margs konar iðnaðar víða um heim í mars, apríl og maí. Álstaflar standa víða um heim á kaja og hreyfast ekki, það setur þrýsting á verð.“ Þætir Jóhann Snorri við.

Samanlagt, uppsett afl jarðvarmavirkjana HS Orku er 175 megavött, en þar eru um 76 megavött helguð álveri Norðuráls við Grundartanga.

Álverðsvarnir ON

Eini stórnotandinn sem er í viðskiptum við ON er álver Norðuráls við Grundartanga, en nærri helmingur alls rafmagns sem Grundartangi notar að jafnaði, kemur frá ON. „Álverð hefur farið lækkandi undanfarið en Bandaríkjadollar hefur hins vegar styrkt gagnvart íslensku krónunni. ON er með virka álvarnsamninga, sem minnka tekjusveiflur vegna álverðspróunar,“ segir Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ON, móðurfélag HS Orku. Hagnaður ON Power á síðasta ári var tæplega fimm milljónir Bandaríkjadala, eða um 700 milljónir króna.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Viltu hætta að hrjóta?

Frumskýnum Ergosmart snjallrúmið



ÖLL ERGOMOTION RÚM Á
20% AFSLÆTTI

ÞÚ FÆRÐ
ERGOMOTION RÚM
FRÁ 331.448 KR.

Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að próa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.



Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á CES í Las Vegas.

ERGOSMART snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.



App sem mælir og skráir svefngæði
• Hrotur
• Hjartslátt
• Andardrátt
• Hreyfingar
Aðstoðar þig við að hætta að hrjóta

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn



Biskupsfell minnir á kirkju í tindaröð Kverkfjallanna, en nafnið er dregið af klettadrangi sem líkist biskupi í fullum skrúða.

MYND/ÓMB

Biskupinn í Kverkfjöllum

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Í Kverkfjöllum eru náttúruperlur við hvert fótmað og fjölmargar spennandi gönguleiðir í boði. Flestir skoða ishellan og bregða sér jafnvel upp á Kverkjökul. Stórkostlegasta gönguleiðin liggur þó upp Löngufönn að háhitasvæðinu í Efri Hveradal sem liggur í 1700 m hæð. Er þá annað hvort gengið yfir Kverkjökul eða fyrir jökultunguna. Þetta er 10-12 klukkustunda ferðalag og ekki gefið að svo löng og krefjandi jöklaganga henti öllum. Þá er hálf dags ganga á Biskupsfell (1240 m) frá bær valkostur, en fram og til baka eru þetta 8 km og hækkunin 450 m. Biskupsfell trónir upp úr tindaröð Kverkfjallarana og minnir á dómkirkju innan um öll þessi litfögru fjöll sem urðu til við gos undir jökli. Það dregur nafn sitt af tilkomumiklum klettadrangi í norðurhlíðum þess sem líkist biskupi í fullum skrúða með mitur á höfði, en það er ávalt höfuðfat sem kardinálar, ábótar og biskupar bera við hátíðleg tækifæri. Ein af fjórum hjartalokum manns líkist einnig slíku höfuðfati og kallast því miturloka.

Tilvalið er að hefja gönguna frá Sigurðarskála sem er besti hálendisskáli á Íslandi og liggur í 850 m hæð. Að honum er 100 km jeppavegur frá Möðrudal sem liggur beint í suður yfir stórkostlegar sandauðnir og hraun, en ekki þarf að fara yfir stórar ár á leiðinni. Upp Biskupsfell er stikuð leið frá skálanum og er gengið fram hjá Virkisfelli (1108 m) sem einnig er stórkostlegt útsýnisfjall. Þangað er gaman að koma síðla kvölds og fylgjast með miðnætursólinni sem er óviða fallegrí, enda Herðubreið, Trölladyngja, Dyngjufjöll og piramídalaga Upptýppingar sem sjá um leikmyndina. Biskupsfellið liggur aðeins austar og er leiðin stórgrýtt á köflum en samt greiðfær. Af tindinum er stórkostlegt útsýni yfir Kverkfjallarana og Krepputungu og óviða betra útsýni yfir sjálfa Kverkina og bæði Austur- og Vesturfjöll Kverkfjalla sem skarta hæsta tindinum, Skarphéðinstindi (1920). Lengra í austur sést síðan til Snæfells (1833 m), sem er hæsta fjall utan jökla á Íslandi. Af hátindi Biskupsfells má halda aðeins lengra í norður og virða fyrir sér biskupinn í návígi. Þarna verður að fara varlega því bratt er að Biskupnum. Gengin er sama leið til baka, en áður en komið er að Virkisfelli má halda í norður og þannig ganga í kringum Virkisfelli að Sigurðarskála.



Fókus á hjarta landsins



Miðnætursólin er óviða fallegrí en í Kverkfjöllum, ekki sist ofan af Virkisfelli. Kattbekingur eins og kattareyru í fjarska og Dyngjufjöll og Jökulsá á Fjöllum í forgrunni. MYND/ÓMB



Það er gaman að virða fyrir sér Biskupinn í návígi. Kverkfjallarani og Herðubreið í fjarska. MYND/REYNIR BJÖRNSSON

NS

NÝTT

Sirius



Rjómasúkkulaði

MEÐ SALTKRINGLUM OG
SJÁVARSAITI



Sætt og salt fyrir sælkera!

coCoa
HORIZONS

ÍSLENSKT
gjörir svo vel

SKOÐUN

Kerfisfólkið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hinn skarpi en um leið óútreiknanlegi Kári Stefánsson hefur einstaka hæfileika til að koma umhverfi sínu í uppnám. Þar á meðal stjórnvöldum sem óska þess sjálfsgat að hann væri högværari, stilltari og skoðanalasari en hann er og léti þau í friði. Slíkt er hins vegar ekki í karakter Kára Stefánssonar. Hann fer ætíð eigin leiðir og lætur ekki að stjórn. Um leið býr hann yfir þeim einstaklega frumlega hæfileika að geta hundskammað sjálfan sig opinberlega fyrir eitthvað sem hann sagði nokkrum dögum áður. Mikilværi hressandi tilbreyting að sjá fremur stofnanalega ráðamenn þjóðarinnar leika þetta eftir, svona einstaka sinnum. Slík opinber sjálfsskoðun myndi óneitanlega gera þá að áhugaverðari karakterum.

Kári gagnrýndi nýlega frest sem ríkisstjórnin tók sér vegna hugmyndar hans um stofnun faraldsfræðistofnunar sem hefði það hlutverk að takast á við COVID-19. Kári hafði fengið það svar að slíkt tæki dágóðan tíma og verkefnisstjóri yrði að skoða tillöguna – og á víst að fá að dunda sér við það alveg fram í september. Kári sagði í viðtali við RÚV: „Það vill svo til að við erum að fara í gegnum faraldur sem er þess eðlis að við höfum séð ástæðu til þess að svipta fólk grundvallarmannréttindum til þess að takast á við faraldurinn. Þegar þú ert á slíkum stað þá hreyfir þú þig ekki hægt.“

Ekki er annað hægt en að taka undir með Kára. Á tímum eins og þessum þarf að bregðast hratt við og af öryggi. Af einhverjum ástæðum virðist það ekki vera í boði. Vísast er mikið álag á ríkisstjórn Íslands, sem hefur í mörg horn að lita, en þegar svo er háttad þarf einmitt að forgangsraða. Þar hljóta aðgerðir vegna COVID að vera í forgangi. Það er ekki í boði að gera ekki neitt, í von um að vandamálið hverfi, heldur þarf einmitt að vinna hratt. Vitað er að í íslensku þjóðfélagi er allt fullt af kerfiskörum og -kerlingum, sem hafa unun af að sitja í nefndum og taka sér dágóðan tíma til að ræða málin fram og aftur. Ríkisstjórnin á að banda frá sér kerfisfólkinu sem vinnur á hraða snigilsins og fá í staðinn til liðsinnis fólk sem getur unnið hratt og vel og leggur fram raunhæf úrræði sem ekki tekur óratíma að koma í framkvæmd.

Í fyrrnefndu viðtali á RÚV nefndi Kári að í baráttunni við COVID hefði fólk verið svipt grundvallarmannréttindum sínum. Þetta hefur lítið verið rætt á síðustu vikum og mánuðum. Einhver hefði nú talið að stjórnmalamönnum bæri einmitt að halda vöku sinni, þegar kemur að því að vernda mannréttindi fólks. Vissulega hefur almenningur tekið því með jafnaðargeði að frelsi sé takmarkað á farsóttartímum, en slíkt má ekki festa sig í sessi og verða hið viðtekna. Þegar ástandið verður orðið nokkurn veginn eðlilegt á ný, má alls ekki fara þannig að almenningur verði áfram sviptur mannréttindum vegna þess að hugsanlega geti eitthvað slæmt gerst í náinni framtíð.

Lífið er einfaldlega þannig að því fylgir áhætta. Að afneita því er að afneita raunveruleikanum.



Ríkisstjórnin á að banda frá sér kerfisfólkinu sem vinnur á hraða snigilsins og fá í staðinn til liðsinnis fólk sem getur unnið hratt og vel.

Halldór



Frá degi til dags

Landsréttarmambó

Það má treysta því að þegar staði dómara losnar í Landsrétti upphest kapphlaup milli lysthafenda. Í gær var tilkynnt um hverjir hefðu sótt um tvö embætti dómara sem auglýst voru. Sum nöfnin eru kunnugleg – önnur síður. Einn umsækjenda hefur ekki þurft að verja miklum tíma í umsóknina, því þetta er í fimmta sinn sem hann sækir um – þetta kemur! Aðrir eru þegar dómara við réttinn en sækja samt um. Það er svo sem ekki nýlunda því annað dómaraembættanna sem nú var auglýst losnaði, því í því var dómari við réttinn sem sótti um auglýst starf dómara við réttinn og fékk. Landsréttur er sannarlega atvinnuskapandi.

Stefnumótamarkaður

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnti í gær nýtt átak til að hvetja landsmenn til að heimsækja friðlýst svæði á landinu. Ráðuneytið valdi átakanu yfirskriftina „Stefnumót við náttúruna“. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hvatt er til ferðalaga með tvíraðni. „Fancy a dirty weekend in Iceland?“ varð frægt forðum og óhætt að segja að ekki hafi allir verið himinsælir með þá línu. Það er öruggt að einhverjir munu eiga stefnumót í sumar og þá yfirleitt við náttúruna. Náttúruleisir sitja heima og horfa á linulega dagskrá.

Móðurmálið okkar



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningar- málaráðherra

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er fjallað um aðgerðaáætlun um máltækni þannig að íslenskan verði gjaldgeng í stafrænum heimi. Alþingi samþykkti þingsályktun um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi vorið 2019. Meginmarkmiðið er að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins, að íslenskukennsla verði eflað á öllum skólastigum og að framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð. Tilteknar eru 22 aðgerðir til að ná þessum markmiðum og það er afar ánægjulegt að vinna er hafin við allar aðgerðirnar. Aldrei fyrr hefur jafn umfangsmikil stefna verið mótuð og aðgerðum hrundið í framkvæmd til að auka veg móðurmálsins okkar.

Ákveðið var að styðja við bókaútgáfu á íslensku með 25 prósentu endurgreiðslum á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku. Í kjölfarið hefur barna- og ungbarnabókaútgáfa aukist um 47 prósent.

Unnið er samkvæmt verkáætlun um máltækni fyrir íslensku og fjárfesting ríkissjóðs er rúmlega 1,8 milljarðar. Um er að ræða tímamótavinnu sem mun tryggja að við getum talað við tækin okkar á íslensku.

Til marks um áherslu stjórnvalda um að bæta læsi og styrkja stöðu íslenskrar tungu, hækka framlög í bókasafnssjóð höfunda um 62 prósent.

Verið er að auka vægi íslensku í almennu kennaranámi og í viðmiðunarstundatöflu grunnskólanna. Áhersla er lögð á að örva áhuga á tungumálinu. Það er ánægjulegt að sjá aukna aðsókn í kennaranám, eða um 46 prósent.

Loks ris Hús íslenskunnar. Það mun hýsa fjölbreytta starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Hér er um að ræða byltingu í aðstöðu stofnunarinnar til að varðveita, rannsaka og miðla menningararf þeim sem handritin geyma.

Hér eru aðeins nefndar nokkrar aðgerðir sem hefur verið hrint í framkvæmd. Fjöreggið er tungumálið og eitt það fallegasta sem ritað hefur verið um mikilvægi móðurmálsins eru orð Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrum forseta: „Ef íslenskan hverfur tapast þekking og við hætum að vera þjóð.“



Í kjölfarið hefur barna- og ungbarnabókaútgáfa aukist um 47 prósent.

AF KÖGUNARHÓLI

Að vaxa upp úr fermingarfötunum



Þorsteinn Pálsson

Lífeyrissjóðirnir eru hornsteinn velferðarsamfélagsins og um leið ein helsta undirstaða hagkerfisins. En rétt eins og unglingar vaxa upp úr fermingarfötunum, hafa lífeyrissjóðirnir vaxið hagkerfinu yfir höfuð. Senn mun stærð þeirra nema tvöfaldri landsframleiðslu.

Jafn ágætt og það er verður augunum ekki lokað fyrir hinu, að hlutfallið milli stærðar sjóðanna og smæðar peningakerfisins veldur vandræðum.

Ný gjaldeyrishöft

Um leið og gjaldeyrstekjur ferðaþjónustunnar skruppu saman, brustu forsendur fyrir frjálsum gjaldeyrsviðskiptum. Ný viðtæk gjaldeyrishöft voru því eðlilega fyrsta viðbragð stjórnvalda.

Ísland er reyndar eina Evrópuríkið, sem þurfti að grípa til hafta vegna kórónaveirunnar. Áfallið var þó ekki þyngra hér en annars staðar. Afleiðingarnar geta hins vegar orðið verri vegna haftanna.

Verðgildi krónunnar ræðst ekki lengur af aðstæðum á markaði. Það hefur aftur í för með sér að gjaldmiðillinn getur síður sinnt því meginhlutverki að leiðbeina þjóðinni um arðsemi hlutanna. Slíkur áttaviti er forsenda þess að markaðshagkerfið dafni og þrífist eðlilega.

Höftin nú eru óvenjuleg um þrennt. Þau beinast aðeins gegn hagsmunum lífeyrisþega. Að formi til eru þau sett á með samningum þar sem gagnadili stjórnvalda hefur enga samningsstöðu eða er stillt upp við vegg eins og í amerískum vestra. Engin lagastöð er fyrir þessari aðgerð.

Mismunun

Fylgifiskurinn er skýr: Kostir launafólks, sem þarf að ávaxta lífeyrissparnað sinn, eru heftir. En aðrir, þar á meðal þeir sem þurfa að ávaxta einokunarhagnað af nýtingu náttúruauðlinda, hafa frjálssar hendur.

Höftin, sem sett voru eftir hrun, giltu í rúm átta ár. Þá hækkaði heimsvísitala hlutabréfa um riflega 140 prósent. Á þeim þremur árum, sem



gjaldyrsviðskipti voru síðan frjáls, hækkað hún aðeins um 3 prósent. Eftir að höftin voru sett aftur á í mars hefur hún svo hækkað um 25 prósent.

Þetta er vitaskuld gróft dæmi af sveiflukennendum heimsmarkaði. En það sýnir hversu mismunandi tækifærin eru innan og utan hafta. Og nú er það bara félagslega fjármagnid, sem er heft við krónur. Tilgangur stjórnvalda er örugglega ekki að stór- auka eignalega mismunun, en hætt er við að það verði afleiðingin.

Skekkir verðmyndun og veldur hættu á eignabólu

Þegar lífeyrissjóðirnir hafa vaxið upp úr fermingarfötunum er of lítið um innlendar eignir þar sem pund þeirra getur ávaxtast. Þessi vandi magnast þegar þeir eru aftur settir í höft.

Stjórnvöld segja nú við fjármagnseigendur að þeir verði að taka áhættu með kaupum á innlendum hlutabréf-

um. Klípan er sú að hér er mjög lítið um almennt einkafjármagn. Einokunarfjármagn vegna auðlindanýtingar er talsvert. Félagslegur sparnaður í lífeyrissjóðum er stærsti hluti áhættu fjármagnsins.

Allir eru frjálssir að því að taka þessari áskorun stjórnvalda, nema lífeyrissjóðirnir. Þeir eiga ekki annarra kosta vól. Fyrir eiga þeir um helming skráðra hlutabréfa. Hætta er á að höftin skekki verðmyndun hlutabréfa enn frekar og valdi bölumyndun á eignamarkaði.

Þannig eru höftin ekki bara ógn við hagsmuni launafólks og lífeyrisþega. Þau geta líka veikt samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Tímabundnar aðstæður ýkja grundvallarvanda

Þær óvenjulegu aðstæður, sem eru orsök haftanna, ýkja grundvallarvanda þar sem stórt lífeyrissjóðakerfi situr á vegasalti lítills peningahag-

kerfis. Þó að gjaldeyrstekjur aukist smám saman á næstu árum hverfur vandinn ekki. Hlutföllin halda áfram að skekkjast.

Eftir því sem skuldir ríkisins verða stærri hluti af eignum lífeyrissjóða, eykst svo hættan á að forsendurnar fyrir sjálfstæðu sjóðsöfnunarkerfi veikist. Vilja menn það?

Skiljanlega sér verkalýðshreyfingin skammtimahag í því að fallast á að stjórnvöld noti eða misnoti lífeyrissjóðina sem hagstjórnartæki til að koma í veg fyrir frekara fall krónunnar. En sá ávinningur er dýrkeyptur: Aukin áhætta með lífeyrissparnað almennings, hætta á aukinni misskiptingu og líkur á lélegri framleiðni og arðsemi.

Hér er ekki við verkalýðshreyfinguna að sakast. Það stendur upp á stjórnvöld að svara hvornig þau vilja skipa þessum málum til framtíðar. Þar er fátt um svör. Aðallega þögn. Hún er einn helsti veikileiki hagþróunar á Íslandi.



Þú finnur blað dagsins, Markaðinn, Atvinnublaðið sérblað og safn eldri blaða á frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ IS

25% afsláttur
af öllum búsaðhöldum
9.-13. júlí



HAGKAUP

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDS- HLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.



ORKAN



Já mjólk er góð!



Jóhanna Hreinsdóttir
kúabóndi og formaður Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Thomas Möller skrifaði bakþanka á fimmtudaginn þar sem hann spyr hvort mjólk er góð?

Já mjólk er góð! Þar er um að ræða einn næringarríkasta drykk sem er fáanlegur. Hann inniheldur mörg af þeim næringarefnum sem manneskja þarf. Ef þú átt 500 kr. í vasanum er þeim peningum líklega einna best varið í mjólkurpott og íslenskt grænmeti.

Landbúnaður er á öllum stöðum heimsins verndaður og varinn af ríkjum heims með mismunandi hætti. Sem dæmi er áætlað að 45% afframleiðslukostnaði mjólkur hafi verið greiddur með ríkisstuðningi í Bandaríkjunum árið 2016. Þessi prósentu er 33 á Íslandi.

Ef við beinum svo sjónum okkar að tollum. Í dag eru nærri því 90 prósent tollskráanúmera sem ekki

bera toll við innflutning á vörum til Íslands. Þessi tala er aðeins 26 prósent í ESB-rikkjunum samkvæmt WTO, alþjóðaviðskiptastofnuninni. Það er því aðeins tollur í dag á þeim vörum sem Ísland hefur samfélagslega hagsmuni af að vernda, innlandsframleiðslu. Ef skoðaður er meðaltollur ESB og Íslands er hann 4,6 prósent á Íslandi samanborið við 6,3 prósent hjá ESB. Ef við horfum á einstaka tollsamninga sem gerðir hafa verið um til dæmis osta, má sjá að viljir þú flytja inn osta frá ESB er hægt að flytja inn án tolla 610 tonn af ostum til Íslands á hverju ári. Ef Íslendingar ætluðu að flytja út ost til ESB á móti, væri sú heimild einungis 50 tonn. Það er því augljóst að Ísland er mjög opið fyrir viðskiptum, kannski of?

Rúmlega þúsund fjölskyldur hafa afkomu beint af mjólkuriðnaðinum á Íslandi, þetta er án allra afleiddra starfa, sem telja í kringum landbúnaðinn í heild um 6000-7000 manns. Það væri hægt að hætta stuðningi við innlenda matvælaframleiðslu og flytja inn vörurnar, en þá væri verið að kasta krónunni fyrir aurinn. Það eru aðeins 4 mánuðir síðan að stjórnvöld könnuðu birgðastöðu matvæla og matvælaframleiðenda í landinu,



Landbúnaður er á öllum stöðum heimsins verndaður og varinn af ríkjum heims með mismunandi hætti.

vegna COVID-19. Mjólkuriðnaðurinn var þar skilgreindur strax sem þjóðhagslega mikilvægur. Matvæli teljast til grunnþarfa hvers manns.

Það er eins og sjá má stórt hagsmunamál fyrir þjóðir að hafa sterka innlenda framleiðslu. Við kúabændur styðjum innlenda framleiðslu, líka á sælgæti, en það verður að gæta þess að fólk fái laun við hæfi fyrir vinnuna. Velferð, laun og aðbúnaður á Íslandi er ekki sambærilegur ódýrari framleiðslusvæðum í heiminum. Það væri vel ef allir gætu staðið með íslensku vinnuafli, alla keðjuna frá haga í maga. Þakka má fyrir skynsemi lýðræðislega kjörinna stjórnvalda í gegnum tíðina, sem hafa ekki breytt stuðningi sínum, sérstaklega fyrir

Borgarbúar fastir í viðjum kerfisins



Egill Þór Jónsson
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Umtalsverð fjölgun hefur orðið á félagslegu leiguhúsnæði síðustu árin. Þrátt fyrir fjölgun íbúða hefur kerfinu ekki tekist að saxa á biðlistana, en meðalfjöldi umsókna í bið eftir félagslegu húsnæði hefur haldist í kringum 850 síðustu sex árin.

Heimatilbúinn vandi

Eitt af grunnhlutverkum hvers sveitarfélags er að tryggja nægilegt magn af byggingalóðum fyrir íbúðarhúsnæði á hagstæðu verði. Reykjavíkurborg hefur mistekist þetta og sýnir þessi fjölmenni biðlisti þá gríðarlegu eftirspurn sem er eftir ódýru húsnæði í höfuðborginni.

Í þeirri viðleitni að stytta biðlista hefur borgin keypt upp mikið magn húsnæðis af frjálsum markaði, en



Eitt af grunnhlutverkum hvers sveitarfélags er að tryggja nægilegt magn af byggingalóðum fyrir íbúðarhúsnæði á hagstæðu verði.

Það hefur aukið vandann enn frekar. Félagshúsnæðið eiga nú tæplega 2.000 almennar íbúðir en síðustu ár hafa verið keypt hundruð íbúða af frjálsum fasteignamarkaði, en einungis fimm íbúðir voru byggðar allt síðasta kjörtímabil sérstaklega fyrir Félagshúsnæði. Afleiðingin er augljós, minna framboð er af ódýrum íbúðum til sölu á almennum markaði. Hefur þetta fyrirkomulag Félagshúsnæðis leitt til þess að tekjulágir einstaklingar neyðast til þess að sækja um félagslegt húsnæði í stað þess að geta keypt sitt eigið.

Fátæktargildra

Tölur sýna að á síðustu tíu árum hafa rúmlega 20 leigjendur, eða einungis um 1% þeirra, komist úr

félagslega kerfinu á ári. Félagshagslega kerfið er þannig byggt upp að fólk festist í því og á raunar litla sem engan möguleika á að komast út á almennan markaðinn. Eigna- og tekjumörk eru svo lág að einstaklingar sem hyggjast komast út úr kerfinu mega ekki vera með hærri mánaðarlaun en 445.000 kr. og sambúðarfólk samtals 624.000 kr. á mánuði og eignir þeirra mega ekki vera hærri en 5,8 milljónir. Það þýðir að fólk getur ekki safnað sér fyrir útborgun í íbúð og leigt félagslegt húsnæði á sama tíma.

Meðal atríða sem koma leigjendum þannig í hættu á að missa íbúðina sína eru til dæmis launahækkunar, eignamyndun og nýr maki. Enginn ætti að þurfa að búa við slíkar aðstæður. Myndu Félagshúsnæði til dæmis bjóða upp á þann möguleika að fólk gæti eignast íbúðirnar sem það býr í myndi það virka sem stökkpallur aftur út í lífið og úr viðjum kerfisins.

Sjálfstæðisflokkurinn í borginni leggur áherslu á að félagslega kerfið sé byggt þannig upp að það grípi fólk í neyð en hjálpi því aftur út í lífið um leið og tækifærin gefast. Hjálpum fólki til sjálfshjálpar.



Rut Jónsdóttir verður í eldlinunni með íslenska liðinu í lok ársins.

Forkeppni fyrir HM 2021 fer fram í lok ársins

HANDBOLTI Dregið var í forkeppni fyrir heimsmeistaramótið í handbolta kvenna sem fram fer á Spáni árið 2021, í hádeginu í gær.

Íslenska liðið, sem var í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið var, lenti í riðli með Norður-Makedóníu, Litháen og Grikklandi.

» Íslenska liðið er í riðli með Norður-Makedóníu, Litháen og Grikklandi í forkeppni HM 2021.

Forkeppnin verður öll spiluð um eina helgi og mun riðill íslenska liðsins annað hvort vera spilaður 27. – 29. nóvember næstkomandi eða 4. – 6. desember.

Leikið verður í fimm riðlum í forkeppninni og tvö efstu liðin í hverjum riðli komast áfram í undankeppni heimsmeistaramótsins.

Íslenska liðið hefur æft stíft í sumar undir stjórn þjálfara liðsins Arnars Péturssonar og hundtryggs aðstoðarmanns hans, Ágústar Þórs Jóhannssonar. – hó

Svindl sem fékk að standa

Í gegnum knattspyrnusöguna hafa nokkur svindlmörk komist í gegnum nálarauga dómara leikjanna. Slíkt atvik átti sér stað í 1. deild karla hér heima í vikunni, þegar Gary Martin komst upp með svindl.

FÓTBOLTI Gary John Martin kom ÍBV yfir með marki sem hann skoraði með því að nota hendina, í leik Vestmannaeyjaliðsins gegn Leikni Reykjavík í 1. deild karla í knattspyrnu síðastliðið þriðjudagskvöld.

Enski framherjinn, sem hefur skorað fimm mörk í fyrstu fjórum leikjum Eyjamanna, sem hafa fullt hús stiga á toppi deildarinnar, viðurkenndi sök sína í málinu á Twitter-síðu sinni eftir leikinn. Þar bað hann Leiknismenn afsökunar, sem hafa líklega hugsað honum þegjandi þörfina frá því að markið var skorað.

Markið sem krakkinn frá Darlington skoraði fyrir ÍBV er að sjálf-sögðu ekki eina tilvikið þar sem knattspyrnumenn hafa fengið að nota hendina til þess að koma boltanum í netið á ögurstundu.


Hér fyrir neðan má sjá nokkur atvik úr knattspyrnusögunni þar sem svindlmörk skoruð með hendinni hafa fengið að standa, andstæðingum þeirra leikmanna sem skoruðu mörkin til mikillar gremju. – hó



Frægasta svindlmark sögunnar var gert þegar argentínski knattspyrnusnillingurinn Diego Armando Maradona skoraði með hönd guðs, í leik Argentínu gegn Englandi í átta liða úrslitum heimsmeistaramótsins á heitum degi í Mexíkó 1986. Engendingar hafa margir hverjir enn ekki fyrirgefið Maradona háttsemi hans í þessum fræga leik.



Hinn ljúfi spænski framherji Raul, notaði hönd sína lymskulega þegar hann skoraði fyrir Real Madrid gegn Leeds United, í Meistaradeild Evrópu árið 2001.



Franski framherjinn Thierry Henry notaði það örþrifarad að slá boltann inn, þegar franska liðið var í baráttu við Írland um að komast í lokakeppni heimsmeistaramótsins sem haldið var í Suður-Afríku það herrans ár 2010.



Úrúgvæinn Luis Suárez skoraði reyndar ekki með hendinni, en á HM 2010 varði hann meistaralega á línu með hendinni og kom í veg fyrir mark Gerverja í framlengingu í útsláttarkeppni mótsins. Úrúgvæ fór að lokum með sigur af hólmi í leiknum, þókk sé markvörslu úrúgvæska framherjans.



Lionel Messi ákvað að herma eftir samlanda sínum Maradona, þegar hann skoraði með hönd guðs í nágrennaslag Barcelona gegn Espanyol.

25% afsláttur

af allri heimilisvöru
9.-13. júlí

HAGKAUP



FIMMTUDAGUR 9. JÚLÍ 2020

Tíska



Hér áður fyrr saumuðu konur eftir tiskublöðum, sem gjarnan fylgdu snið. Þá var sagt um flottar konur að þær væru sem klipptar út úr móðinsblöðum. Hér eru þessir tiskutímar raktir. ➔4



Tónlistarmaðurinn Joseph Cosmo segist hafa verið gangandi tiskuslys þegar hann var unglíngur, en að tiskuáhugi hans hafi þroskast í gegnum árin og að í dag klæði hann sig yfirleitt á frekar einfaldan og stílhreinan hátt. Hann fór að velta fatnaði mun meira fyrir sér eftir að hann byrjaði að taka upp tónlistarmyndbönd, en hann segir að hvert myndband verði að spegla ákveðinn karakter og hver flík skipti máli í því samhengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Engin tíska fyrir fallegar sálir

Tónlistarmaðurinn Joseph Cosmo klæðir sig á einfaldan hátt, nema þegar hann fer á svið, eða að skemmta sér í bænum. Hann segir að auðmýkt sé holl og það eigi ekki að dæma aðra eftir útlitinu. ➔2

DAG HVERN LESA

93.000
**ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI**

Framhald af forsiðu →

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Joseph Cosmo er 32 ára framleiðandi og söngvari sem býr í Breiðholti. Joseph hefur verið lagahöfundur í næstum tvo áratugi, en hann byrjaði að gera raftónlist í byrjun ársins 2009 og hefur komið að alls kyns verkefnum.

„Nýjasta útgáfan mín var stutt-skífa sem ég gaf út á Spotify undir mínu eigin nafni í byrjun maí síðastliðins og kallast „Self Love“,“ segir Joseph. „Svo má búast við annarri smáskífu frá hljóm-sveit minni, Seint, en það verður fimmta útgáfan frá því verkefni.“

Áhrif frá kvikmyndum

Joseph segist vera frekar stílhreinn í klæðnaði og að hversdagslega gangi hann í heimilislegum fatnaði. „Maður skreytir sig nú ekki mikið nema þegar maður fer í bæinn, hvort sem það er þegar ég kem fram eða fer út að skemmta mér,“ segir hann.

„Ég get ekki sagt að ég eigi einhverjar sérstakar tiskufyrirmyndir en ég horfi mikið á bíómyndir og ég myndi segja að sterkustu áhrifin á fatastílinn minn komi þaðan. Annars hef ég oftast bara augun opin fyrir flíkum sem fara mér vel. Þegar ég prófa fót sé ég strax hvort þau passi við mig.“

Joseph segir að hann hafi verið eitt gangandi tiskuslys sem unglíngur, en að það hafi að vísu verið viljandi. Síðan hafi tiskuhugi hans þroskast í gegnum árin. „Ég fór allavega mun meira að spá í fatnað eftir að ég byrjaði að taka upp tónlistarmyndbönd,“ segir hann. „Það er eins og að leika í mörgum stuttmyndum. Hvert myndband verður að spegla ákveðinn, sérstakan karakter og hver flík skiptir máli í því samhengi.“

„H&M er gott fyrir ferskar buxur og boli, en jakka og annað kaupí ég bara út um allar trissur. Svo finn ég vintage-föt oftast á flóamörkuðum.“

Joseph Cosmo

Joseph segist aðallega horfa eftir tiskunni með því að fylgjast með öðrum tónlistarmönnum. „Mér finnst það nóg til að vita hvað er í tisku,“ segir hann. „En annars er ég með mjög ákveðinn stíl, þó að ég sé alltaf opinn fyrir nýjungum ef þær passa við það sem ég er að gera hverju sinni.“

Joseph segir að hip hop-tíska virðist almennt hafa mikil áhrif á klæðnað ungra karlmannna á Íslandi. „Allir vilja vera fly, sem er gott,“ segir hann. „Það leiðir til þess að það er meira hreinlæti á mönnum.“

En það er mikilvægt að dæma fólk alls ekki bara af útlitinu,“ segir Joseph. „Það er engin tíska til fyrir fallettar sálir. Auðmýkt er lykillinn. Restin er bara til gamans.“

Notaði aldrei fokdýr sólgleraugu

Joseph segist ekki eyða miklu í fót og að hann kaupí þau mjög víða.



Joseph segist hafa augun opin fyrir flíkum sem fara sér vel og að hann sjái strax hvort fót fari sér vel. Hann segir líka að það sé mikilvægt að dæma fólk alls ekki bara eftir útlitinu og það sé engin tíska til fyrir fallettar sálir. Hann segir að auðmýkt sé lykillinn og restin sé bara til gamans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„H&M er gott fyrir ferskar buxur og boli, en jakka og annað kaupí ég bara út um allar trissur. Svo finn ég vintage-föt oftast á flóamörkuðum,“ segir hann.

„Ég myndi segja að bestu fatakaupin mín hafi verið þegar ég keypti virkilega flotta og þægilega skó sem passa við flestallt fyrir slíkk, árið 2017. Verstu kaupin sem ég hef gert voru svo þegar ég keypti fokdýr sólgleraugu sem ég endaði svo með að nota aldrei,“

segir hann og hlær.

Sú flík sem Joseph hefur átt lengst er grá hettupeysa úr Dogma. „Ætli það séu ekki komin átta ár síðan ég keypti hana. En ég nota hana eingöngu á veturna þegar það er sem kaldast því hún er ekki með rennilás að framan.“

Hann á samt enga sérstaka uppáhaldsflík. „Ég get varla gert upp á milli. Það fer aðallega eftir því í hvaða skapi ég er,“ segir Joseph.



Joseph segist ekki eiga neinar sérstakar tiskufyrirmyndir, en að sterkustu áhrifin á fatastílinn hans komi frá kvikmyndum. Hann horfir aðallega eftir tiskunni með því að fylgjast með öðrum tónlistarmönnum.

www.hjahrafnhildi.is



Verð: 38.980
Nú: 23.388



Verð: 12.980
Nú: 7.788



Verð: 25.980
Nú: 15.588



Verð: 25.980
Nú: 15.588

ÚTSALA
MEIRI VERÐLÆKKUN
40-60% afsláttur



Verð: 23.980
Nú: 14.388



Verð: 30.980
Nú: 18.588



Verð: 17.980
Nú: 10.788



Verð: 12.980
Nú: 7.788



Verð: 31.980
Nú: 19.188

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Verð: 27.980
Nú: 16.788

Tískusagan rakin með klæðasniðum

Flapper-kjólar, eitis-kjólar með púffermum, flæðandi pils og þröng, útvíðar buxur, samfestingar, síð vesti, stutt vesti, buxnapils og svo mætti lengi áfram telja. Nú má skoða gömul snið á netinu.

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Á hverjum einasta áratug frá upphafi 20. aldarinnar hefur komið fram ný tíska í klæðaburði, sem einkennir áratuginn sem þar fer á eftir. Tiskan er líka hringrás og við sjáum sömu sniðin koma upp aftur og aftur. Til að mynda er ekki ýkja langt síðan tíska tíunda áratugarins gekk aftur með sínum gegnsæju nælonefnum, stóru íþróttapeysum og Dr. Martens-skóm. Þar áður var leitað í eldri tiskustrauma.

85.000 snið á netinu

McCall's, Butterick, Simplicity, Vogue, Burda. Þeir kannast kannski við þessi nöfn sem hafa saumað mikið í gegnum tíðina, en um er að ræða vinsælustu sniðablöð síðustu aldar. Fandom- vefsíðan hefur tekið saman og birt undir nafninu „Vintage Patterns,“ yfir 85.000 saumasnið sem gaman er fyrir tískuáhugamenn að dást að. Sniðin eru öll komin yfir 25 ára aldurinn, þau elstu eru frá um 1850 og yngstu eru frá 1995.

Sniðin eru öll flokkuð eftir tímabilum, tegund klæðnaðar, hönnuðum og fleiru og veitir safnið þannig þrælskemmtilega sýn á tiskusöguna sem slíka. Því er tilvalið fyrir tískuáhugamenn að skoða sniðin sem voru í boði í gamla daga. Einnig eru tengingar inni á vefsíðunni á sölustaði á netinu, fyrir safnara eða hugrakka einstaklinga sem hafa áhuga á að sauma upp úr sniðunum. Að minnsta kosti er hægt að fá þar feykinógan innblástur. Nú er loksins kominn tími til að dusta rykið af saumavélinni og reyna færni sína á gömlum saumasniðum.

„Tventis“


Glamúr, gleði og glæsileg höfuðföt. Tíska þriðja áratugarins (1921-1930) einkenndist af leikgleði og styttri pilssum en höfðu áður verið vinsæl. Einnig voru flíkurnar lausari á líkamanum og minna aðsniðnar. Flapper kjóllinn frá þessu tímabili kom hönnuðum eins og Coco



Jacqueline Kennedy Onassis var og er tiskufyrirmynd sjöunda áratugarins. Hún var hrifin af franskri hönnun, en sem forsetafrú var búist við því að hún klæddist bandarískri hönnun.



Hér má sjá gullfallegan silkflauelskvöldkjól í flapper-stíl úr smiðju Coco Chanel 1926, með skrautsteinum og glerperlum.



Engillinn Farah Fawcett var tiskutákn áttunda áratugarins með sitt mikla, túberaða hár. Hér má sjá hana í útvíðum buxum og íþróttapeysu æfa sig á hjólabretti.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ SYBEL OG OPHILIA



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Snið sjötta áratugarins einkenndust af aðsniðum efriluta og annars vegar fylltum pilssum eða þröngum.

Chanel og Paul Poiret á tiskukortið. Tiskan hjá körlunum breyttist einnig, en fót sem hentuðu íþróttidkun urðu vinsælli og partur af daglegum klæðnaði.

„Fiftis“

Rokkið hefur áhrif á tiskuna að því leyti að konurnar fóru að sýna meira hold og buxurnar hjá körlunum fóru að þrengjast. Kjólar sjötta áratugarins áttu það flestir sameiginlegt að vera sniðnir að mittinu með pílum. Pilsin voru ýmist þrengri og löguð að leggjunum eða hringlaga með ýktri fyllingun. Á

» Sniðin eru flokkuð eftir tímabilum, tegund klæðnaðs, hönnuðum og fleira og veitir safnið þrælskemmtilega sýn á tiskusöguna sem slíka.

Þessum áratug urðu sniðablöð eins og McCall's, Butterick, Simplicity og Vogue æ vinsælli.

„Seventis“

Tíska áttunda áratugarins hófst sem áframhald af þeim sjöunda, en snemma fór að bera á nýjum straumum. Útvíðar buxur fullkomnuðu diskó-útlimið, ásamt rúllukragapeysum, og flæðandi vafningskjólar með óriental- og blómamynstrum í anda hippanna voru einnig vinsælir. Áratugurinn endaði svo á því að pönkið ruddi sér til rúms.

FARANGURSBOX Í MIKLU ÚRVALI



HAPRO OG NORDRIVE

HAPRO ROADY 350



Burðargeta allt að 50 kg
300 lítra **48.990 kr**

HAPRO ROADY 450



Burðargeta allt að 50 kg
420 lítra **59.990 kr**

HAPRO TRAXER 4.6



Burðargeta allt að 75 kg
370 lítra Svart **84.995 kr**

HAPRO TRAXER 6.6



Burðargeta Silfurgrátt **94.990 kr**
allt að 75 kg Steingrátt **94.990 kr**
410 lítra Svart **119.990 kr**

HAPRO TRAXER 8.6



Burðargeta Silfurgrátt **124.990 kr**
allt að 75 kg Svart **139.990 kr**
530 lítra

NORDRIVE 330



Burðargeta allt að 75 kg
330 lítra Svart **58.989 kr**

NORDRIVE 430



Burðargeta Silfur **53.499 kr**
allt að 75 kg Svart **74.990 kr**
430 lítra

NORDRIVE 530



Burðargeta Hvít **79.889 kr**
allt að 75 kg Silfur **79.889 kr**
530 lítra Svart **92.169 kr**



Bíla naust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Hin heilaga tískuprenning

Stúlknasveitin The Supremes kom fram á sjónarsviðið snemma á sjöunda áratug síðustu aldar. Sveitin naut gríðarlegra vinsælda og er talin ein áhrifamesta og dáðasta sveit poppsögunnar.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserne@frettabladid.is



The Supremes hóf ferilinn árið 1959 í Detroit undir nafninu The Primettes. Stofnmeðlimir sveitarinnar voru Mary Wilson, Florence Ballard, Diana Ross og Betty McGlown. Eftir að hafa sigrad hæfileikakeppni ákváðu þær að búa til plötu og beindu sjónum sínum að útgáfufyrirtækinu Motown. Ross bað nágretta sinn Smokey Robinson um hjálp við að koma sveitinni í áheyrnarprufu hjá Motown-stjórnandanum og lagasmíðnum Berry Gordy. Gordy hreifst af sveitinni en bað þær að koma aftur eftir að þær hefðu lokið gagnfræðaskóla, vegna þess hve ungar þær voru.

Stúlkurnar dóu ekki ráðalaugar og gáfu út smáskífu með laginu Tears of Sorrow, á vegum útgáfufyrirtækisins Lu Pine Records, en viðtökurnar voru dræmar. Um svipað leyti trúlofaðist McGlown og hætti í kjölfarið í sveitinni og í stað hennar kom Barbara Martin.

Snemma árs 1961 lét Gordy loksins undan og bauð sveitinni samning, gegn því skilyrði að sveitin myndi breyta um nafn. Gordy lét Ballard fá lista yfir uppástungur en meðal þeirra voru: „The Darleens“, „The Sweet Ps“, „The Melodees“ og „The Jewettes“. Á endanum valdi Ballard nafnið „The Supremes“. Vorið 1962 hætti Martin og varð Supremes þá að trióinu godsagnakennda.

Vaxandi velgengi

Sveitin gaf út sex smáskífur á árunum 1961-1963 en engin þeirra náði inn á topp 40 vinsældalista Billboard. Þetta varð til þess að farið var að kalla sveitina „No-Hit Supremes“ á göngum Motown. Á



Ljósklæddar og tignarlegar á barmi heimsfrægðar árið 1964, árið sem sveitin sigraði heiminn. MYND/GETTY

þessum tíma skiptust Ballard, Ross og Wilson á að syngja aðalröddina, en þrátt fyrir að Ballard hafi þótt hafa öflugustu röddina ákvað Gordy, síðla árs 1963, að Ross yrði aðalsöngkona sveitarinnar. Framan af voru helstu lagasmíðir sveitarinnar Gordy og Robinson, en í lok ársins 1963 byrjaði sveitin að flytja lög eftir bræðra- og laga-



The Supremes klæddust oft nákvæmlega eins fötum og þá einna helst íburðarmiklum síðkjólum. MYND/GETTY



Dentilegar í drögtum. MYND/GETTY



Töfrandi trió í tökum. MYND/GETTY



Reffilegar með bindi. MYND/GETTY

Eftir að hafa svo lokið sex vikna áfengismedferð reyndi hún að endurvekja tónlistarferilinn og kom fram í fyrsta skipti í fimm ár þann 25. júní 1975, í heima-borg sinni Detroit. Endurkoman reyndist skammlif en þann 22. febrúar árið 1976 lést Ballard langt fyrir aldur fram af völdum hjarta-stops.

Áhrifamikil arfleifð

Dapurleg örlög Ballard hafa verið mörgum hugleikin, þau varpa óneitanlega upp spurningum um stöðu kvenna í tónlist, og þá sér-staklega kvenna af afrískum upp-runu, ásamt því að setja ákveðinn blett á sögu sveitarinnar.

En þrátt fyrir sorgarsögu Ballard skín sól The Supremes enn skært og er arfleifð sveitarinnar enn þann dag í dag áþreifanleg. Stelpusveitirnar (og annað tónlistarfólk) sem fylgdu á eftir næstu áratugina voru margar undir miklum áhrifum af The Supremes og velgengi Ross var slík að hún er talin ein áhrifamesta söngkona poppsögunnar.

Klæðaburður The Supremes var og er órjúfanlegur hluti af mynd þeirra, en sveitin klæddist gjarnan nákvæmlega eins eða svipuðum fötum. Fötin voru af ýmsu tagi en áttu það flest sameiginlegt að endurspegla tíðarandann.

Þær klæddust oft sams konar síðkjólum, skreytta gimsteinum með stóra, hangandi eyrnalokka. Þær voru alltaf óaðfínanlega til fara, vel farðaðar og með hárið uppsett (eða hárkollur).

Einnig klæddust þær meðal annars jakkafötum, pilsnum og stuttum kjólum. Þá voru yfirhafnirnar oft vandaðar kápur í anda sjöunda áratugarins.

Sale
NÝ SENDING

SMARALIND
COMMAICELAND

höfundateymið Holland-Dozier-Holland sem átti eftir að reynast mikið gæfuspor.

Sumarið 1964 kom lagið „Where Did Our Love Go?“ sem rataði beint á topp Billboard-vinsældalista. Í kjölfarið kom hver slagarinn á fætur öðrum og náði sveitin þeim merka áfanga að ná fimm lögum í röð á toppinn, en lög sem fylgdu voru „Baby Love“, „Come See About Me“, „Stop! In the Name of Love“ og „Back in My Arms Again“.

Sorgarsaga Ballard

En ekkert varir að eilífu og eftir því sem athyglin beindist meira að Ross varð Ballard stöðugt ósáttari við þróunina. Hún varð þunglynd, fór að drekka meira, mæta verr og jafnvel mæta svo drukkin að hún gat ekki komið fram. Vorið 1967 var Gordy búin að finna staðgengil fyrir Ballard, söngkonu að nafni Cindy Birdsong, og í kjölfarið bað hann Ballard að hætta í sveitinni af sjálfsdáðum.

Um sumarið breytti Gordy nafni sveitarinnar í Diana Ross & the Supremes sem ýtti frekar undir þrálátan orðróm þess efnis að Ross hygðist yfirgefa sveitina og hefja sólóferil, sem hún gerði svo árið 1970. Sveitin hélt áfram að koma fram, með tíðum meðlimabreytingum, til 1977, og var eini upphaflegi meðlimurinn Mary Wilson.

Ballard yfirgaf hljómsveitina formlega í febrúar 1968 og fékk eingreiðslu sem nam tæpum 140.000 dollurum. Hún fékk fljótlega samning hjá ABC Records, gaf út tvær smáskífur sem náðu ekki vinsældum og var samningnum slitið árið 1970. Ári síðar fór hún í mál gegn Motown sem hún tapaði og skómmu síðar sleit hún samvistir við eiginmann sinn, en samband þeirra var afar stormasamt. Ballard fór að drekka enn meira og fréttir bárust af því að hún hefði neyðst til að sækja um fjárhagsaðstoð. Á einhverjum tímamarki bauð Wilson Ballard að ganga aftur til liðs við Supremes, en hún hafnaði boðinu.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Garðyrkja

PROSTONE

- » Jarðvinna
- » Drenlagir
- » Hellulagir
- » Þökulagir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR



Smávélavíðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuor, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Sláttur og öll almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S. 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STIGA

Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi B&S mótör 625EXI, 2,27kW
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr. notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu lítil stúdíóbúð í 200 kóp. sér innglítið eldhús, rafmagn, hiti og internet innifalið í leiguverði. Verð 135 þús á mánuði. Uppl. s.699-5552

